


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	Módelteikning MYL 203 Kennsluáætlun haust 2014	
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari: Björg Eiríksdóttir, BJE, bjorg@vma.is **Viðtalstími: miðvikudaga 9:40-10:20**

Áfangalýsing

Haldið áfram með alhliða þjálfun í teiknifærni frá fyrri áfanga og hæfileikans til að breyta þrívíðu formi í tvívíða teikningu. Viðfangsefnið er stærðfræði og fagurfræði mannlíkamans. Nemendur þjálfu skynjun sína og dýpka skilning á jafnvægi, hlutföllum, spennu, mótun forma, beina- og vöðvabyggingar hans. Nemendur beita einnig frjálsri teikningu í túlkun á fyrirmynd. Teiknað og mótað er eftir lifandi fyrirmynd, beinagrind og tvívíðum myndir með margvíslegum efnum og aðferðum. Nemendur ígrunda verk sín í samvinnu við kennara og aðra nemendur.



Samuel Bonilla „La bella figura“

Markmið

Að nemandinn með þjálfun dýpki skilning sinn á:

- verklegri færni við að teikna mannlíkamann.
- margbreytileika þeirra forma, hlutfalla og spennu sem hann býr yfir.
- burðargetu og styrk beina- og vöðvabyggingar mannlíkamanns.
- þeim samhljómi sem er á milli módelteikningar og beina og vöðvabyggingar mannlíkamanns.
- þeirri tengingu, sem er milli hönnunar og uppbyggingar mannlíkamanns.
- listrænni vinnu, rannsókn, skynjun og túlkun á því sem hann sér og upplifir.


Námsmat

Próflaus áfangi. Metið í formi leiðsagnarmats, sjálfsmats og kennaramats.

Verk 45%. Tekið er tillit til afraksturs í tengslum við ætlan, notkunar grunnreglna og valds á efnum og aðferðum.

Ferli 50%. Tekið er tillit til hvernig nemandi ber sig að við vinnuna, áhuga, hugvitssemi, notkunar fyrirmynda, rannsóknar og ígrundunar.

Mæting 5%.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sambýkkt:SHJ		
Síða 2 af 2	Módelteikning MYL 203 Kennsluáætlun haust 2014	

Verkefni

1. Rannsókarvinna, þar sem flókin form vöðva, beina og líkamans íheild eru rannsökuð ítarlega á lifandi fyrirmynd, beinagrind eða myndum af vöðvum og beinum með ýmiskonar teikniáhöldum eða leir.
 2. Hraðteikningar, með mismunandi áhöldum og aðferðum þar sem lögð er áhersla á túlkun og tjáningu.
 4. Verk ýmissa listamanna úr nútíð og fortíð skoðuð í bókum af safni og á netsíðum.
 5. Sjálfstæð vinna í skissubók, nánari skoðun á módeli og teiknistíl.
- Opið hús.



Með fyrirvara um breytingar.

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar.

Gangi ykkur vel!

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils